

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## Fjarfundur

**175. fundur haldinn fimmtudaginn 8. apríl 2021.**

**Pátttakendur voru:** Ragnildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins.

### 1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

### 2. Fyrirhugaður grafreitir í Naustaborgum við Akureyri.

Kynning Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri KGA. Nýtt svæði fyrir grafreit hefur verið samþykkt í aðalskipulagi bæjarins. Nýja svæðið er í Naustaborgum og hafa verið tekin frá fimm svæði. Markmiðið er að tengja útivistarsvæði, reiðleiðir og gönguleiðir og grafreiti saman.

### 3. Fundur í dómsmálaráðuneytinu varðandi framtíð bálstofunnar og fyrirhuguð vinna við greinargerð í tengslum við það mál.

Ragnildur Benediktsdóttir, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Valtýr Valtýsson gerðu grein fyrir fundinum sem haldinn var í Dómsmálaráðuneytinu þann 19. mars s.l. og þau sátu ásamt fulltrúm ráðuneytisins. Í framhaldi af fundinum ákvað kirkjugarðaráð að setja saman vinnuhóp til að greina kostnað við byggingu og rekstur bálstofu. Var þetta gert að ósk ráðuneytisins til að tryggja greinargóð gögn vegna frekari ákvarðanatöku varðandi þennan málaflokk. Vinnuhópin skipa A arkitektar, HLH ráðgjöf, Verkfræðistofan VSB auk þriggja fulltrúa kirkjugarðaráðs.

### 4. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldinn 13. maí kl.13:00.

### 5. Önnur mál.

Engin.

Fundi slitið kl. 14:15.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari